

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Deiliskipulag Hlíðahverfis – suðurhluti.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. nóvember 2012 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag fyrir Hlíðahverfi - suðurhluta.

Skipulagssvæðið afmarkast í suðri af opnu svæði norðan við Glerá, í vestri af lóð Glerárskóla, í norðri af Undirhlíð og opnu svæði norðan Áshlíðar og í austri af Hörgárbraut. Skilgreindir eru m.a. byggingarreitir fyrir hús á svæðinu, götur og gangstígar eru endurskoðuð og tvær nýjar byggingalóðir skipulagðar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 28. nóvember 2012,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. nóvember 2012